

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftirfarandi skipulagsáform:

Huldugata 2-4 og 6-8, deiliskipulagsbreyting – 302-Íb.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti 30. ágúst 2023, deiliskipulagsbreytingu fyrir Huldugötu 2-4 og 6-8. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér fjölgun íbúða í 4. áfanga Helgafellshverfis úr 198 í 218. Íbúðum í fjölbýlum Huldugötu 2-4 og 6-8 fjölgar úr 20 í 30 á hvorri lóð. Fallið er frá heimild um bílakjallara fyrir Huldugötu 6-8. Breytingar eru gerðar á lóðahönnun til þess að uppfylla bílastæðakröfur gildandi deiliskipulags.

Völuteigur 2, deiliskipulagsbreyting – 310-A.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti 30. ágúst 2023, deiliskipulagsbreytingu fyrir Völuteig 2. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits um 7 m til vesturs, heimilar nýbyggingu allt að 245 m² og að nýtingarhlutfallið verði aukið úr 0,45 í 0,5.

Engjavegur 22, deiliskipulagsbreyting – 317-Íb.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti 13. september 2023, deiliskipulagsbreytingu fyrir Engjaveg 22. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér aukna byggingarheimild lóðar. Heildarstærð húss fer úr 220 m² í 360 m², nýtingarhlutfallið verður 0,12. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 21. september 2023,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 22. september 2023